

EFTIRLITSSKÝRSLA



UMHVERFISSTOFNUN

Silfurstjarnan í Öxarfirði Silfurstjarnan Núpsmýri og Sigtún, klakstöð

Dags eftirlits	5.12.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Silfurstjarnan í Öxarfirði	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Núpsmýri	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6107881579	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Benedikt Kristjánsson	ÍSAT nr.	05.02.2
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	609834,024 639750,616

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og bent á skiladaga skv. því en öllum gögnum ársins 2013 hefur verið skilað.

Farið var yfir umsókn rekstraraðila um undanþágu frá ákvæði 2.6 í starfsleyfi, til Umhverfisráðuneytis hvað varðar losun settjarna og næstu skref í því máli. Beðið er eftir niðurstöðu ráðuneytisins. Fáist jákvæð niðurstaða við umsókninni þá hyggst rekstraraðili losa settjarnirnar í einni lotu út í Brunná, næst þegar færi gefst, eða þegar áin er í miklum vexti. Væntanlega verður það næstkomandi vor eða í sumarbyrjun þar sem Brunná er jökulá og ræðst rennsli hennar mikið til af bráðnun jökla.

Rætt var um að þó undanþága verði veitt fyrir losun settjarna í Brunná í eitt skipti, þá þarf að liggja fyrir áætlun um framkvæmd losunar í framtíðinni skv. gr. 2.6 í starfsleyfi.

Rætt var um niðurstöður rannsóknar á nýtingu seyrn til áburðar (VAXNA styrkur) og næstu skref í þeirri rannsókn. Niðurstöður frá MATÍS benda til þess að seyrn hafi góð áburðaráhrif á kál og tún og er áhugi hjá bændum í nærliggjandi sveitum fyrir því að nota seyrna til áburðargjafar. Rekstraraðili er að vinna úr niðurstöðunum og hvatt var til þess að þær yrðu kynntar bændum og öðrum hagsmunaaðilum þegar þeirri vinnu er lokið.

Bent var á að sækja skuli um endurnýjun starfsleyfis í tíma en rennur það út 1. júlí 2017. Umsóknarferli getur tekið 6-8 mánuði og því mikilvægt að öll gögn séu tilbúin tímalega.

Vegna veðurskilyrða var ekki farið að stöðinni í Núpsmýri í þessu eftirliti heldur var fundað á Húsavík. Verður stöðin skoðuð í næsta eftirliti. Ekki var heldur farið að stöðinni í Sigtúni að þessu sinni.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Fituskilja var tæmd í nóvember. Samningur hefur verið gerður við verktaka um tæmingu einu sinni á ári hér eftir.

Í síðasta eftirliti kom fram að til stæði að slógin úr sláturhúsi færi til meltugerðar. Horfið hefur verið frá þeim hugmyndum en þess í stað stendur til að frysta hráefnið í blokkum og senda til vinnslu loðdýrafóðurs. Hætt verður því að urða slóg frá sláturhúsinu á urðunarstaðnum á Kópaskeri þegar tækjbúnaður til frýstingar hefur verið settur upp.

Engin lúða er eftir í stöðinni og aðeins örlítið af sandhverfu (nokkur þúsund stykki) og verður engin endurnýjun þar á. Í stöðinni verða því aðeins lax og bleikja í framtíðinni.

Reykjavík, 12.12.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.